


Losun vegna ferða starfsfólks OR í og úr vinnu

Gröfin sýna markmið samstæðu OR um losun gróðurhúsalofttegunda vegna aksturs starfsfólks í og úr vinnu frá 2015 – 2030 og hvernig til hefur tekist. Árið 2019 minnkaði losunin miðað við árið 2018 en er enn umfram grunngildið nema þegar horft er til losunar á stöðugildi. Halda þarf áfram að hvetja starfsfólk til að nota vistvæna samgöngumáta. OR ásamt nokkrum fyrirtækjum á Hálsasvæðinu hafa haft frumkvæði að því að hvetja Strætó bs. og sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu til að bæta strætósamgöngur við svæðið en þar vinnur um 1% landsmanna.

Til að leggja mat á losun vegna ferða í og úr vinnu er horft til búsetu starfsfólks eftir póstnúmerum, en um er að ræða samþykka aðferðafræði.

Losun vegna ferða í og úr vinnu



Losun vegna ferða í og úr vinnu á stöðugildi

